

Frétt frá Árvakri hf.
23.apríl 2008

Ólafur Þ. Stephensen nýr ritstjóri Morgunblaðsins og aðalritstjóri Árvakurs

-Ólafur sinnir jafnframt daglegri ritstjórn Morgunblaðsins
-Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir ritstjóri 24 stunda
-tveir nýir stjórnarmenn og nýr stjórnarformaður

Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri 24stunda, hefur verið ráðinn ritstjóri Morgunblaðsins og aðalritstjóri Árvakurs hf. frá og með 2. júní næstkomandi. Auk Morgunblaðsins gefur Árvakur út 24 stundir og mbl.is. Sama dag lætur Styrmir Gunnarsson af starfi ritstjóra Morgunblaðsins fyrir aldurs sakir. Styrmir Gunnarsson hefur verið ritstjóri Morgunblaðsins frá 1972, en hann kom fyrst til starfa á Morgunblaðinu sem blaðamaður 2.júní 1965.

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, hefur verið ráðin ritstjóri 24 stunda frá 2.júní, en hún hefur verið fréttastjóri blaðsins frá haustinu 2006.

„Morgunblaðið, 24 stundir og mbl.is eru með umfangsmestu upplýsingamiðlun á landinu, sem nær í hverri viku til nær allrar þjóðarinnar. Hér starfa á annað hundrað blaðamenn og ljósmyndarar fyrir þrjá fjölmiðla. Markmið okkar með því að skipa einn aðalritstjóra útgáfunnar er að nýta þessa þekkingu betur í gegnum alla miðla félagsins og bæta þannig enn þjónustu við lesendur og netnotendur,“ segir Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs. „Félagið hefur einsett sér að byggja á traustum grunni fjölþættari og enn sterkari miðlun fréttu, upplýsinga og afþreyingar. Nýir ritstjórar, sem nú koma til leiks, munu leiða þá vinnu.“

„Það er markmið okkar að í miðlum Árvakurs fái lesendur áreiðanlegri og dýpri umfjöllun en völ er á annars staðar í íslenskum fjölmiðlum og jafnframt skemmtilega skrifað efni og fjölbreyttar skoðanir,“ segir Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri. „Breytingar munu eiga sér stað í skrefum á næstu mánuðum. Við ætlum að skerpa á sérstöðu Morgunblaðsins sem virtasta dagblaðs á Íslandi og langöflugasta áskriftarblaðsins. Við munum auka samstarf Morgunblaðsins og 24 stunda við mbl.is og jafnframt auka samstarf á milli blaðanna í t.d. íþróttafréttum og viðskiptafréttum. Hins vegar verður líka áfram heilbrigð samkeppni á milli blaðanna um fréttir, sem kemur lesendum til góða.“

„Ég hlakka til að taka við ritstjórarstarfi á 24 stundum. Við einsetjum okkur að skrifa á hverjum degi skemmtilegt og spennandi blað, besta fríblaðið á markaðnum,“ segir Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, nýráðin ritstjóri 24 stunda.

Aðalfundur Árvakurs verður haldinn 28. apríl næstkomandi. Fyrir liggur að nokkrar breytingar verða á stjórn. Meðal annars verður þar lagt til að Þór Sigfússon, sem kemur nýr inn í stjórnina, verði stjórnarformaður Árvakurs og Stefán Eggertsson verði varaformaður. Aðrir í aðalstjórn verði Kristinn Björnsson, Skúli Valberg Ólafsson og Ásdís Halla Bragadóttir, sem einnig kemur ný inn í stjórn.